

## **Umsögn um drög að menningarstefnu frá FLÍ – Félagi leikstjóra á Íslandi – 05.04.2021**

Stjórn FLÍ - Félags leikstjóra á Íslandi hefur kynnt sér drög að menningarstefnu sem nú eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Í stuttu máli er stjórnin þeirrar skoðunar að ótímabært sé að semja nýja menningarstefnu, meðan sú sem Alþingi samþykkti 2013, hefur ekki verið innleidd nema að litlu leyti, a.m.k. hefði þurft að liggja fyrir úttekt á framkvæmd þeirra verkefna sem þar er mælt fyrir um áður en ráðist var í að kynna nýja stefnu. Eðlilegt hefði verið að miða nýja stefnu við stöðu þeirra verkefna sem unnið hefur verið að á tímabilinu, slíkt hefði verið faglegri og skynsamlegri aðferðafræði.

Þá gerir FLÍ athugasemd við að látið sé í veðri vaka í inngangi að stefnuþróingin séu niðurstaða samvinnu fjölmargra aðila í lista- og menningarlífi þjóðarinnar og að starfshópurinn sem þar er getið sé með einhverjum hætti ábyrgur fyrir þessum drögum. Það er ekki svo, þar sem áherslan í vinnu starfshópsins snerist um þörfina á tímasettri og kostnaðargreindri aðgerðaáætlun. Slík áætlun hefði þurft að fylgja stefnuþrógunum, en sú er ekki raunin. Þannig má segja að vinna starfshópsins hafi ekki skilað sér í því plaggi sem hér er til umsagnar. Meðan engin áætlun um aðgerðir á grundvelli stefnunnar er til staðar, má segja að það hafi lítið upp á sig að leggja mat á innihaldið. Þess skal engu að síður freistað.

### **Hugtakanotkun**

Það er mat FLÍ að mikilvægt sé að menningarstefna þjóðarinnar sé rituð á vönduðu máli, hugtakanotkun sé markviss og málsgreinar merkingarbærar. Því miður skortir talsvert á að stefnuþróingin uppfylli þau skilyrði. Orðanotkun er ómarkviss og óreiðukennd, sem gerir umsagnaraðilum erfitt fyrir að leggja mat á inntak og merkingu. Það kann því einnig að vefjast fyrir þingmönnum, sem eiga eftir að fjalla um stefnuþróingin, að henda reiður á innihaldinu.

### **Bakgrunnsgögn**

Í inngangi er því haldið fram að unnið hafi verið að endurnýjun menningarstefnunnar frá 2018 og nefnd í því sambandi ráðstefnan Menningarlandið, sem haldin var það ár og fjallaði um stefnu í menningarmálum. Um þá ráðstefnu finnast hins vegar engin gögn á vef ráðuneytisins og hvergi neinar upplýsingar að fá um það sem þar var rætt eða hverjar niðurstöður ráðstefnunnar voru. Raunar má segja það sama um samnefndar ráðstefnur sem ráðuneytið gekkst fyrir 2017 um barnamenningu og 2015 um menningartölfræði. Það er einkar bagalegt að ekki skuli haldið betur utanum efnivið þess samtals sem efnt er til milli stjórnvalda, menningarstofnana og annarra sem starfa að listum og menningu í samfélagi okkar, sérstaklega þegar ráðstefnunum er ætlað að vera liður í samstarfi um stefnumótun. Gæði stefnumótunar og eftirfylgni stefnu byggir á því að gögnum sé til haga haldið, þau séu aðgengileg og að framvinda verkefna sé skilmerkilega skráð.

### **Aðgerðaáætlun**

Á vef ráðuneytisins segir, í ódagsettri tilkynningu, að vinna við aðgerðaáætlun á grundvelli samþykkrar menningarstefnu sé vel á veg komin. Ekki er ljóst hvort átt er við gildandi stefnu eða þau stefnuþrög sem hér eru til umsagnar. Ólíklegt er að stjórnvaldið nefni ósamþykkt drög „samþykkt“ stefnu, svo ganga verður út frá að átt sé við gildandi stefnu sem var samþykkt af Alþingi 2013 og er almenn og ótímasett. Áætlun um aðgerðir á grunni hennar var sett 2014, en náði einungis til menningar barna og ungmenna. Sú áætlun er aðgengileg á vef ráðuneytisins en hefur ekki verið innleidd nema að litlu leyti. Áætlunin skilgreindi tvö lykilverkefni og hefur einungis annað þeirra verið innleitt, þ.e. verkefnið „List fyrir alla“ (Menningarpoki), en samráðsvettvangur opinberra menningarstofnana, sem lagt var til að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði frumkvæði að,

hefur ekki verið settur á laggirnar. Engar upplýsingar liggja fyrir um innleiðingu verkefna í C-kafla áætlunarinnar, en þar eru tilgreindar fjölbreyttar aðgerðir tengdar hverjum af sex köflum gildandi menningarstefnu. Af þessu má ráða að vinna við aðgerðaáætlun gildandi stefnu þurfi að vera forgangsverkefni, þar sem gerð er grein fyrir ábyrgðaraðilum verkefna, þau kostnaðargreind og tímasett. Slík aðgerðaáætlun lægi þá til grundvallar fjármálaáætlun ríkisstjórnar og yrði inntakið í kafla 18 í þeim áætlunum.

### Stjórnarsáttmálinn

Í aðfararorðum stefnudraganna segir að þau taki mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, en vandséð er hvernig það stenst, því í sáttmálanum segir um menningu og skapandi greinar:

*Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi. Þess vegna skiptir máli að allir landsmenn geti notið lista og menningar og tekið þátt í slíku starfi. Hlutverk stjórnvalda er að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs. Unnin verður aðgerðaáætlun á grundvelli samþykkrar menningarstefnu.*

Í stað aðgerðaáætlunar liggja sem sé fyrir drög að nýrri stefnu, sem tekur samt ekki á þeim atriðum sem stjórnarsáttmálinn fjallar um að öðru leyti, þ.e. stöðu höfuðsafnanna, hagtölum menningar eða starfsumhverfi þeirra sem starfa að listum og menningu. Ekkert nýtt er lagt til varðandi mikilvægasta hagsmunamál listamanna, þ.e. málefni launa- og verkefnasjóðanna. Það er því vandséð hvernig höfundar stefnudraganna telja þau taka mið af stjórnarsáttmálanum eða með hvaða hætti þau geta orðið „leiðarljós þeirra aðila sem standa að lista- og menningarstarfi“.

### Gildandi stefna

Gildandi menningarstefna, sem sannanlega var samin í samráði við list- og menningargeirann, tilgreinir fjóra meginþætti; *sköpun og þátttöku – aðgengi – samvinnu – börn & ungmenni*. Hún samanstendur af sex meginköflum, hver með fimm til átta skilgreind markmið. Hún er knöpp, fylgir 17 leiðarljósum, orðavalið er nákvæmt og merkingarbært. Kaflarnir eru eftirfarandi:

1. Menningarþátttaka;
2. Lifandi menningarstofnanir
3. Samvinna í menningarmálum
4. Ísland í alþjóðasamhengi
5. Starfsumhverfi í menningarmálum
6. Stafræn menning

Í viðauka við umsögn þessa er að finna lista yfir verkefnin, sem getið er um í markmiðslýsingu stefnunnar, og ætla má að stjórnvöld, opinberar menningarstofnanir og aðrir sem starfa innan list- og menningargeirans, hafi tekið mið af í störfum sínum sl. 8 ár, þó ekki liggi fyrir nein úttekt á þeim verkefnum eða upplýsingar um hvar þau eru á vegi stödd og hvort þau hafi gengið eftir eða ekki.

### Fyrirliggjandi drög

Þegar rýnt er í lykilaðriðin í fyrirliggjandi stefnudrögum virðist fátt sem ekki er að finna í gildandi stefnu. Tillögunni í drögum er skipt í fimm kafla og undir þeim eru tilgreind átta markmið:

1. *Aðgangur og þátttaka*; jafnt aðgengi allra, fjölbreyttari valkostir fyrir atvinnufólk í listum, fleiri tækifæri til þátttöku í menningarstarfi og ríkara framboð viðburða.
2. *Traust staða í síbreytilegum heimi*; hlúa að innviðum á sviði menningararfs, auka aðgang og vitund þjóðarinnar um menningarverðmæti og menningararf og marka höfundaréttarstefnu.\*
3. *Menntun, menning og rannsóknir*; fjölga möguleikum nemenda á öllum skólastigum til að njóta lista og menningar, efla list- og menningarlæsi og skapa vettvang fyrir samtal um menningarrannsóknir.

4. *Stjórnsýsla og sjóðakerfi*; efla það kerfi og bæta starfsumhverfi sjálfstætt skapandi listamanna.

5. *Alþjóðlegt menningarsamstarf*; Ísland sé virkur og sýnilegur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi á öllum sviðum menningar og lista.

*\*Varðandi kafla 2 verður að taka fram að menningarmálaráðuneytið hefur haft þetta verkefni á sinni könnu síðan það átti þátt í ráðstefnu, sem haldin var að frumkvæði samstarfshóps BÍL og höfundaréttarsamtaka 22. september 2017, en hefur ekkert aðhafst.*

Öllum þessum atriðum eru gerð skil í gildandi stefnu, sem Alþingi fól framkvæmdavaldinu að starfa eftir fyrir átta árum síðan og því óljóst hvað fær ráðuneytið til að leggja fram drög að nýrri stefnu þegar bæði ríkisstjórn (sbr. stjórnarsáttmálinn) og lista- og menningargeirinn kalla eftir því að gildandi stefna verði innleidd að fullu.

#### **Niðurstaða**

Það er niðurstaða stjórnar FLÍ að meðan ekki hefur farið fram ítarleg úttekt á verkefnum þeim sem unnið hefur verið að á vettvangi lista og menningar síðast liðin átta ár, sé ótímabært að kynna til sögunnar tillögu að nýrri stefnu, sem virðist styðjast við gildandi stefnu að flestu leyti, nema hvað uppsetning hennar og framsetning er á allan hátt ómarkvissari. Stjórn FLÍ mælist því til þess að stefnudrögin verði lögð til hliðar, meðan unnin er ítarleg úttekt á því hvernig stefnan frá 2013 hefur gengið eftir og á grundvelli slíkarar úttektar unnin tímasett og kostnaðargreind aðgerðaáætlun.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar FLÍ – Félags leikstjóra á Íslandi

Kolbrún Halldórsdóttir, formaður.

## VIÐAUKI

Í gildandi menningarstefnu er tilgreindur nokkur fjöldi verkefna sem ætlað er að innleiða stefnuna:

[https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menningarmal/menningarstefna\\_2013.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menningarmal/menningarstefna_2013.pdf)

**Ekki liggur fyrir nein úttekt á stöðu þeirra, hvernig framkvæmd þeirra hefur verið háttáð eða upplýsingar um hvort þeim hefur verið hleypt af stokkunum.**

Hér fer á eftir listi yfir verkefnin sem um ræðir, greint eftir einstökum köflum stefnunnar:

### Menningarþátttaka

- hvaða verkefni eru í gangi til að tryggja að ALLIR finni eitthvað við sitt hæfi í menningarlífinu? Hvernig hafa opinberar menningarstofnanir sinnt því verkefni?
- hvernig hefur verið staðið að greiningu þeirra þjóðfélagshópa sem þarf að sinna sérstaklega skv. stefnunni (óháð uppruna, búsetu og efnahag)?
- hvaða verkefni eru í gangi til að auka menningarläsi barna og ungmenna, og hvernig er samstarfi við grunn- og framhaldsskóla háttáð varðandi það verkefni?
- hvernig hafa stjórnvöld haldið til haga upplýsingum um framboð á menningu fyrir börn og ungmenni? Og hvar þarf að styrkja það framboð?
- hvað hefur verið gert til að efla listfræðslu og listkennslu í skólakerfinu frá 2013? Og hvar þarf helst að styrkja framboðið?
- hvaða verkefni hafa verið unnin í skólakerfinu til að efla gagnrýna hugsun barna og ungmenna, umburðarlyndi þeirra og sköpunargáfu? Hver þessara verkefna hafa virkað best og hverju hafa þau skilað að mati stjórnvalda og fagfólks?
- hvernig hefur opinberum menningarstofnunum tekist til við að breikka þann hóp sem þær ná til? Og hvernig hafa þær sinnt þeirri skyldu sinni að vinna gegn menningarlegri aðgreiningu?

### Lifandi menningarstofnanir

- hvernig hefur samstarfi háskóla og menningarstofnana verið háttáð við að efla nýjungar í rannsóknum og miðlun lista og menningar? Og hafa markmið verkefnisins gengið eftir?
- hvaða reynsla er af árangursstjórnunarsamningum við menningarstofnanir? Hvaða stofnanir hafa slíka samninga? Hver eru markmið hvers samnings fyrir sig? Og hvernig hefur verkefnum verið forgangsraðað?
- hvaða faglegu gæðastaðlar eru notaðir við rekstur opinberra menningarstofnana, til að tryggja fagmennsku, fjölbreytni og gæði?
- hvaða árangur er af markmiðinu um að menningarstofnanir styðji við frumsköpun á sviði lista? Hver eru helstu verkefnin á vettvangi frumsköpunar?
- hvaða árangur hafa menningarstofnanir sýnt í leit sinni að nýjum leiðum við rannsóknir?
- hvaða árangur hafa menningarstofnanir sýnt við leit að nýjum miðlunarleiðum?
- hvaða aðgerðir hafa menningarstofnanir farið í til að auka sveigjanleika í starfsemi sinni og stefnu? Hvaða samstarfsverkefni við grasrót menningarlífsins hafa skilað bestum árangri?
- hver er greining menningarstofnana á þeim hópum sem þær þjóna og hvernig hefur þeim gengið að höfða til fleiri samfélagshópa?

- hvernig hefur menningarstofnunum tekist að útbúa dagskrá fyrir börn og ungmenni? Hafa þær haft samstarf um slíka dagskrá sín í milli eða við skólafélög? Hver er reynslan af starfinu?
- hvaða menningarstofnanir hafa gert áætlun um að þjóna íbúum landsbyggðarinnar í auknum mæli? Og hvernig hafa þær áætlanir gengið eftir?
- hafa stjórnvöld kannað fýsileika sameiningar menningarstofnana? Og ef svo, þá hvaða stofnana og hver eru samlegðaráhrifin sem leitað er eftir?
- hafa stjórnvöld sett sér langtímastefnu í húsnæðismálum menningarstofnana? Er sú áætlun tímasett og kostnaðargreind?

### **Samvinna í menningarmálum (stofnanir, miðstöðvar, einstaklingar, atvinnulíf, ríki og sveitarfél.)**

- hafa stjórnvöld látið fara fram formlegt mat á árangri menningarsamninga milli ríkis og sveitarfélaga? Hver var niðurstaðan (önnur en sú að setja fjármagnið sem rann til samningana inn í uppbyggingarsamninga)?
- hvernig hafa áform stjórnvalda um að treysta samstarf ríkis og sveitarfélaga í menningarmálum gengið eftir?
- hvernig er háttað greiningu stjórnvalda og menningarstofnana á faglegum forsendum starfsins? Og hvernig hefur reglunni um hæfilega fjarlægð verið fylgt eftir í úthlutun opinbers fjár til lista og menningar? (...enn er Alþingi að veita fjárhæðum í menningartengd verkefni og ekkert gagnsæi ríkir í úthlutun menningarmálaráðuneytis úr varasjóðum málaflokka)
- samstarf listamanna og skóla á vettvangi lista og menningar hefur verið aukið, en fjármunirnir hafa að stærstum hluta komið í gegnum Barnamenningarsjóð? Hvernig sér ráðuneytið fyrir sér framtíð verkefnisins „List fyrir alla“?
- hvaða aðferðum hafa stjórnvöld beitt í viðleitni sinni til að auka þátttöku fyrirtækja og einkaaðila í menningarlífinu? Og hverjir hafa verið helstu samstarfsaðilar stjórnvalda í verkefninu?

### **Ísland í alþjóðasamhengi**

- hvernig hafa stjórnvöld nálgast það verkefni að auka þátttöku okkar í alþjóðlegu menningarstarfi og hvernig er haldið utan um tölfræði verkefnisins?
- hefur samstarfið við miðstöðvar lista og hönnunar um verkefnið verið formgert og hver er þáttur Íslandsstofu í verkefninu? Hvernig hefur samstarfinu verið háttað, hver eru næstu skref og hvernig hefur gengið að fjármagna aukin verkefni?
- hvaða aðgerðir hafa stjórnvöld notað til að gera listamönnum auðveldara að taka þátt í erlendu listalífi?
- hvaða fjölþjóðlegu stofnanir eru það sem stjórnvöld hafa átt í samstarfi við á sviði menningar?

### **Starfsumhverfi í menningarmálum**

- hvað hafa stjórnvöld gert á vettvangi tjáningarfrelsis síðan 2013?
- hvernig hefur verið staðið að því að setja „ramma“ um aðkomu hins opinbera að menningarlífinu frá 2013? Hvaða löggjöf (og reglugerðir) hefur verið samþykkt í þessu skyni síðan 2013 og hvað vantar uppá?
- hvert er mat stjórnvalda á því hvort fjármagn, sem runnið hefur til lista og menningar, hafi nýst vel? Hafa markmiðin sem að hefur verið stefnt náðst?

- hvert er mat stjórnvalda á árangri þeirrar stefnu sem rekin hefur verið? Og telja stjórnvöld sig hafa fengið góða yfirsýn yfir lista- og menningargeirann á tímabilinu?
- hvernig er skilvirkni hins opinbera menningarlífs mæld og hvar eru niðurstöður slíkra mælinga aðgengilegar?
- hvert er mat stjórnvalda á árangri fjármögnunar menningarverkefna gegnum hina ýmsu lögbundnu sjóði? Vantar eitthvað upp á að sjóðirnir dekki flóru menningarlífsins? Hafa stjórnunarhættir sjóðsstjórna og umsjónaraðila verið með ásættanlegu móti?
- hafa starfslaunasjóðir og verkefnasjóðir náð að endurspeglja þá fjölbreytni menningarlífs sem stefnt hefur verið að?
- hvað hafa stjórnvöld gert til að auka stuðning einkaaðila við menningarstarf og gera slíkan stuðning eftirsóknarverðan? Og hvernig hafa stjórnvöld unnið að því að efla gagnkvæman skilning og viðurkenningu á sameiginlegum hagsmunum menningarlífs og atvinnulífs?
- hvernig hafa gengið eftir áform um að bæta starfsumhverfi listamanna á sviði skattamála, almannatrygginga og sjúkratrygginga?
- hvaða rannsóknir hafa verið settar af stað með því markmiði að treysta grundvöll lista og menningar í atvinnu- og þjóðlífi?
- hvað líður vinnu við mat á þjóðhagslegu vægi lista- og menningar og verkefni Hagstofunnar varðandi reglubundna skráningu hagtalna lista og menningar?

### **Stafræn menning**

- hvaða verkefni hafa verið unnin frá 2013 í að gera menningararfinn aðgengilegan á stafrænu formi? Hvernig hefur samstarfi menningarstofnana um þetta verkefni verið háttað?
- hvernig hefur tekist til við að gera íslenska menningu sýnilega með vönduðum hætti á heimasíðum stofnana og stjórnvalda? Hvað vantar upp á að verkefninu geti talist lokið?
- hvar stendur það verkefni að kynna íslenska menningu á vefnum á erlendum tungumálum?
- hvernig hefur verkefninu um miðlalalæsi í skólakerfinu gengið eftir? Hverjir hafa verið ábyrgðaraðilar þess verkefnis?
- hvað hefur verið gert til að leita lausna á höfunda- og hugverkaréttindamálum tengdum efni á netinu? Og hvernig hefur samvinna stjórnvalda við samtök höfunda verið háttað við verkefnið?